



Ríkiskaup
Vt: Indriði Waage
Borgartúni 7c
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. febrúar 2021

Yfirlýsing um áhuga á hlutverki fjármálaráðgjafa

1. Yfirlýsing um hvaða hlutverki aðilinn vill sinna

Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík (hér eftir „Landsbankinn“ eða „bankinn“) þakkar fyrir tækifærið á að bjóða fram ráðgjafarþjónustu sína og lýsir yfir eindregnum áhuga á að taka að sér hlutverk sem sjálfstæður fjármálaráðgjafi Bankasýslu ríkisins vegna fyrirhugaðrar sölumeðferðar á eignarhlutum í Íslandsbanka hf.

2. Upplýsingar um nafn ráðgjafa, heimilisfang, símanúmer, netföng ásamt upplýsingum um tengilið

Ráðgjafi:

Landsbankinn hf.
Kt. 471008-0280
Austurstræti 11
155 Reykjavík

Tengiliður:

Svana Huld Linnét
Forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans
Sími: 618-2525
Tölvupóstfang: svana.huld.linnnet@landsbankinn.is

3. Upplýsingar um hæfni og reynslu ráðgjafa eins og kemur fram í viðmiðum við ráðningu

Landsbankinn hefur yfirgrípsmikla þekkingu og reynslu af útboðum verðbréfa og hefur verið fjármálaráðgjafi og umsjónaraðili í fjölda verkefna er varða sölu og skráningu hluta í kauphöll, bæði á Íslandi og erlendis.

Sjá meðfylgjandi Excel skjal með hæfni og reynslu Landsbankans „Transactional experience of Landsbankinn“.

4. Stutt ferilskrá lykilstarfsmanna sem munu leiða verkefnið

Verkefnateymi Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans:

Svana Huld Linnét, forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans

- *Reynsla á fjármálamarkaði: 23 ár.*



- *Helstu verkefni:* Umsjón með sölu hlutafjár og skráningu félaga á markað: ráðgjafi Icelandair Group hf. í fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins 2020, ráðgjafi Marel hf. í tengslum við almennt útboð og skráningu félagsins á Euronext kauphöllina í Amsterdam 2019, ráðgjafi Eik fasteignafélags hf. í tengslum við almennt útboð og skráningu félagsins á Nasdaq Iceland hf. 2015, ráðgjafi Vátryggingarfélags Íslands hf. í tengslum við almennt útboð og skráningu félagsins á Nasdaq Iceland 2013, ráðgjafi Haga hf. í tengslum við almennt útboði og skráningu félagsins á Nasdaq Iceland hf. 2011.
- *Starfsreynsla:* Forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans 2019-, Verkefnastjóri og sérfræðingur hjá fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. 2011-2019, samskiptasvið, fjárfestatengsl Exista hf. 2006-2011, sérfræðingur hjá Kauphöll Íslands hf. 2001-2006, markaðsviðskipti Búnaðarbankinn Verðbréf 1997-2001, Sparisjóður Hafnarfjarðar 1996-1997.
- *Menntun:* Bachelor of Business Administration, The University of Louisiana, próf í verðbréfavíðskiptum.

Atli B. Guðmundsson, sérfræðingur Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans

- *Reynsla á fjármálamarkaði:* 22 ár.
- *Helstu verkefni:* Umsjón með sölu hlutafjár og skráningu félaga á markað: ráðgjafi Icelandair Group hf. í fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins 2020, ráðgjafi Marel hf. í tengslum við almennt útboð og skráningu félagsins á Euronext kauphöllina í Amsterdam 2019, ráðgjafi Heimavalla hf. í tengslum við almennt útboð og skráningu félagsins á Nasdaq Iceland hf. 2018, ráðgjafi Tryggingamiðstöðvarinnar hf. í tengslum við almennt útboð og skráningu félagsins á Nasdaq Iceland hf. 2013.
- *Starfsreynsla:* Verkefnastjóri og sérfræðingur Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans hf. 2009-, sérfræðingur í viðskiptapróun hjá Landsbankanum 2005-2009, sérfræðingur í Greiningardeild Íslandsbanka 2001-2005, sérfræðingur hjá Búnaðarbankanum Verðbréfum 1998-2001.
- *Menntun:* MSc. í iðnaðarverkfræði, CS. í Véla- og iðnaðarverkfræði, próf í verðbréfavíðskiptum.

Björn Hákonarson, sérfræðingur Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans

- *Reynsla á fjármálamarkaði:* 21 ár.
- *Helstu verkefni:* Umsjón með sölu hlutafjár og skráningu félaga á markað: ráðgjafi Icelandair Group hf. í fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins 2020, Umsjón með sölu hlutafjár í tengslum við almennt útboð og skráningu Skeljungs hf. á Nasdaq Iceland 2016, Umsjón með sölu hlutafjár í tengslum við almennt útboð og skráningu N1 hf (Festi) á Nasdaq Iceland 2013, Meðumsjón með sölu hlutafjár í tengslum almennt útboð og skráningu Eimskip hf. á Nasdaq Iceland 2012, Umsjón með sölu hlutafjár í tengslum við almennt útboð og skráningu Vodafone hf. (Sýn) á Nasdaq Iceland 2012.
- *Starfsreynsla:* Verkefnastjóri og sérfræðingur Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans 2019-, Markaðsviðskipti Arion banka 2018-2019, Forstöðumaður verðbréfamiðlunar Íslandsbanka 2013-2018. Markaðsviðskipti Íslandsbanka 2009-2013, sérfræðingur í fjárstýringu hjá Kaupþingi 2005-2009, Markaðsviðskipti Íslandsbanka 2000-2005, Sparisjóðabanki Íslands 1999-2000
- Mikil reynsla af kaupum/sölum fyrirtækja ásamt útboðum og skráningum.
- *Menntun:* Cand.Oecon Viðskiptafræði, próf í verðbréfavíðskiptum.

Einar Pétursson, sérfræðingur Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans

- *Reynsla á fjármálamarkaði:* 10 ár.
- *Helstu verkefni:* Umsjón með sölu verðbréfa og skráningu skuldabréfa/félaga á markað; ráðgjafi Icelandair Group hf. í tengslum við almennt útboð og skráningu félagsins 2020, umsjón með gerð grunnlýsinga og skráningu skuldabréfa Landsbankans hf. á Nasdaq Iceland hf. 2016-2020. Mikil reynsla í ráðgjöf í kaupum, sölum og yfirtökum félaga.
- *Starfsreynsla:* Sérfræðingur Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans 2017-, sérfræðingur á Fjármálasviði Landsbankans 2011-2017.
- *Menntun:* BSc. í fjármálaverkfræði og MSc. í fjármálum.



Friðrik Þ. Snæbjörnsson, sérfræðingur Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans

- *Reynsla á fjármálamarkaði:* 12 ár.
- *Helstu verkefni:* Umsjón með hlutafjárukningu og skráningu hlutabréfa á Nasdaq Iceland hf. 2014-2017 fyrir Reginn í tengslum við kaup á félögum, ráðgjafi Heimavalla hf. í tengslum við almennt útboð og skráningu félagsins á Nasdaq Iceland hf., ráðgjafi Tryggingamiðstöðvarinnar hf. í tengslum við almennt útboð og skráningu félagsins á Nasdaq Iceland hf. Mikil reynsla í ráðgjöf í kaupum, sölum og yfirtökum félaga.
- *Starfsreynsla:* Verkefnastjóri og sérfræðingur Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans 2013-, sérfræðingur á Fjármálaráðgjafasviði Deloitte 2011-2013, stjórnandi hjá Cube Properties (áður Novator Properties) 2007-2011, sérfræðingur á áhættustýringarsviði Kaupþings 2006-2007, sérfræðingur í hönnun burðarvirkja og verkefnastjórnun hjá Ferli Verkfræðistofu 2001-2006 og VSÓ Ráðgjöf 1998-2000.
- *Menntun:* MSc. gráða í byggingarverkfræði University of Washington og próf í verðbréfavíðskiptum.

Sigrún Guðnadóttir, sérfræðingur Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans

- *Reynsla á fjármálamarkaði:* 13 ár.
- *Helstu verkefni:* Umsjón með sölu verðbréfa og skráningu skuldabréfa/félaga á markað; ráðgjafi Icelandair Group hf. í tengslum við almennt útboð og skráningu félagsins 2020, ráðgjafi Ölmú leigufélagsins hf. í tengslum við skuldabréfaútboð og skráningu á Nasdaq Iceland hf. 2017-2020, umsjón með skráningu skuldabréfa Landsbréfa BÚS I á Nasdaq Iceland 2018 -2020, ráðgjafi Lánasjóðs sveitarfélaga við útgáfu á grænum skuldabréfum 2020, umsjón með skráningu skuldabréfa Alda Credit Fund slhf. á Nasdaq Iceland 2016, umsjón með gerð grunnlýsinga og skráningu skuldabréfa Landsbankans hf. á Nasdaq Iceland hf. 2016-2020, umsjón með gerð grunnlýsingar EMTN ramma Landsbankans í tengslum við skráningu skuldabréfa bankans á Euronext Dublin, 2016-2020.
- *Starfsreynsla:* Verkefnastjóri og sérfræðingur Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans 2014-, sérfræðingur á Fyrirtækjasviði Landsbankans, 2012-2013 og í Fyrirtækjapjónustu Landsbankans, 2010-2012.
- *Menntun:* BSc. í viðskiptafræði, MSc. í markaðs- og alþjóðaviðskiptum og próf í verðbréfavíðskiptum.

Sigurður Kári Tryggvason, lögmaður Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans

- *Reynsla af lögmannsstörfum:* 11 ár.
- *Helstu verkefni:* Víðtæk reynsla af skráningu skuldabréfa og hlutabréfa í kauphöll, fjárhagslegri endurskipulagning, kaupum á fjármálafyrirtækjum og regluverki fjármálamarkaðarins, þar með talið verðbréfamarkaðnum, fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða.
- *Starfsreynsla:* Lögmaður Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans 2019 -, lögfræðingur hjá Almenna lífeyrissjóðnum 2016 - 2019, fulltrúi hjá LEX lögmannsstofu 2011 – 2015, lögfræðingur hjá Landsbankanum 2009 - 2011.
- *Menntun:* BA og Mag. Jur. frá Lagadeild Háskóla Íslands og LL.M. frá Lagadeild Duke University.

Vilhjálmur Pétursson, sérfræðingur Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans

- *Reynsla á fjármálamarkaði:* 11 ár.
- *Helstu verkefni:* Umsjón með sölu hlutafjár og skráningu félaga á markað; ráðgjafi Tryggingamiðstöðvarinnar hf. í tengslum við almennt útboð og skráningu félagsins á Nasdaq Iceland hf. 2013, ráðgjafi Regins hf. í tengslum við almennt útboð og skráningu félagsins á Nasdaq Iceland hf. 2012. Mikil reynsla í ráðgjöf í kaupum, sölum og yfirtökum félaga m.a. ráðgjöf til seljenda í alþjóðlegu sölufæri á Promens.
- *Starfsreynsla:* Verkefnastjóri og sérfræðingur Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans 2012-, starfsmaður á Fyrirtækjasviði Landsbankans 2007-2011 samhliða námi.
- *Menntun:* BSc. í viðskiptafræði, MSc. í fjármálum og alþjóðaviðskiptum, próf í verðbréfavíðskiptum.



Verkefnateymi Markaðsviðskipta Landsbankans:

Árni Maríasson, forstöðumaður Markaðsviðskipta Landsbankans

- *Reynsla á fjármálamarkaði:* 23 ár.
- *Helstu verkefni:* Teymisvinna við sölu og skráningu á: Icelandair hlutafjárútbóð árið 2020, tvíhliða skráning og sala á Marel í Hollandi árið 2019, skráning og sala á Arion banka á Íslandi og Svíþjóð árið 2018, Skráning og sala á Heimavöllum í kauphöll, einkasala á hlutabréfum (e. private placement) t.a.m. Marel, Reitir, Brim.
- *Starfsreynsla:* Forstöðumaður Markaðsviðskipta Landsbankans 2014 – , yfirmaður lánamála MP banka 2009-2014, forstöðumaður á fyrirtækjasviði Landsbankans 2004-2009, forstöðumaður Gjaldeyris- og afleiðumiðlunar Búnaðarbankans 1998-2003.
- *Menntun:* BA í stjórn málafræði HÍ, MSc. í stjórn málahagfræði, próf í verðbréfavíðskiptum.

Hörður St. Sigurjónsson, sérfræðingur Markaðsviðskiptum Landsbankans

- *Reynsla á fjármálamarkaði:* 16 ár, miðlun á helstu eignaflokkum innanlands og erlendis
- *Helstu verkefni:* Teymisvinna við sölu og skráningu á: Icelandair hlutafjárútbóð árið 2020, tvíhliða skráning og sala á Marel í Hollandi árið 2019, Skráning og sala Arion banka á Íslandi og Svíþjóð árið 2018, Skráning á Heimavöllum í kauphöll, sala á hlut í Heimavöllum til Heimstaden, Skráning N1 (Nú Festi) í kauphöll, Skráning TM í kauphöll, Skráning Eimskip í kauphöll, Skráning Vodafone (nú SYN), Private placement: Brim, Reitir, Arion. Sala á Marel til erlendra fjárfesta. Mikil reynsla af miðlun og kynningu á íslenskum fjárfestingarkostum fyrir erlenda fagfjárfesta. Mikil reynsla af greiningu fjárfestingakosta.
- *Starfsreynsla:* Verðbréfamiðlun Landsbankans frá árinu 2017 – , verðbréfamiðlun Íslandsbanka 2015-2017 (miðlun innlendra hluta og skuldabréfa), Virðing verðbréfamiðlun 2010-2015, Verðbréfastofan verðbréfamiðlun 2005-2009.
- *Menntun:* BSc. í viðskiptafræði, próf í verðbréfavíðskiptum.

Sigurður Rúnar Ólafsson, sérfræðingur Markaðsviðskiptum Landsbankans

- *Reynsla á fjármálamarkaði:* 12 ár, miðlun á helstu eignaflokkum innanlands og erlendis, auk greiningarvinnu á fjárfestingarkostum.
- *Helstu verkefni:* Teymisvinna við sölu og skráningu á: Icelandair hlutafjárútbóð árið 2020; Endurkaup: Sjóvá, Sýn. Private placement: Icelandair 2014; Áreiðanleikakannanir tengdar slitameðferð LBI.
- *Starfsreynsla:* Verðbréfamiðlun Landsbankans frá árinu 2020 – ; Íslensk Verðbréf verðbréfamiðlun 2018 – 2020, verðbréfamiðlun Landsbankans 2013 - 2017, sérfræðingur/greinandi hjá Landsbanka Íslands í slitameðferð (LBI) 2009-2013. Mikil reynsla af greiningu fjárfestingakosta.
- *Menntun:* MSc. Investment Management og próf í verðbréfavíðskiptum.

Sveinn Þórarinnsson, greinandi hjá Hagfræðideild og Markaðsviðskiptum Landsbankans

- *Reynsla á fjármálamarkaði:* 18 ár.
- *Helstu verkefni:* Umsjón með greiningum Landsbankans á skráðum hlutabréfum í Kauphöllinni. Reglulega með kynningar fyrir hönd Landsbankans um hlutabréfamarkaðinn og einstaka útgefendur, bæði fyrir viðskiptavinum og á stórum opinberum atburðum. Meðumsjón og útgáfa á greiningarefni við sölu og skráningu Arion banka og tvískráningu Marel. Hluti af tveggja manna teymi við að byggja upp viðskiptaáætlun Íslandsbanka árið 2010.
- *Starfsreynsla:* Sérfræðingur/greinandi hjá Markaðsviðskiptum Landsbankans 2020-, hlutabréfagreinandi Hagfræðideildar Landsbankans 2013-2020, sérfræðingur hjá Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka 2010-2011, markaðsviðskipti Íslandsbanka 2007-2010, lánastjóri fyrirtækjalána hjá Glitni/Lýsingu 2003-2017. Mikil reynsla af greiningum á fjárfestingarkostum.
- *Menntun:* BSc. í fjármálum, MSc. í frumkvöðla- og nýsköpunarfræðum.



5. Staðfesting á viðeigandi starfsleyfum aðila

Landsbankinn er með starfsleyfi fyrir viðskiptabankastarfsemi og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Sjá nánar á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins:

<https://www.fme.is/eftirlit/eftirlitsskyld-starfsemi/eftirlitsskyldir-adilar/>

6. Staðfesting á að aðili hafi kynnt sér ákvæði laga nr. 155/2012 og sjálfbærnistefnu og markmið Íslandsbanka hf.

Landsbankinn staðfestir að hann hafi kynnt sér til hlítar ákvæði laga nr. 155/2012, um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Einnig hefur Landsbankinn kynnt sér sjálfbærnistefnu og markmið Íslandsbanka hf.

Þess ber að geta að Landsbankinn hefur sett sér sjálfbærnistefnu sem miðar að því að stuðla að sjálfbærni í íslensku samfélagi, vera hreyfiafl og starfa eftir ábyrgum stjórnarháttum við rekstur bankans. Bankinn gefur árlega út sjálfbærnisráskýrslu í samræmi við viðmið Global Reporting Initiative (GRI) sem hluta af ársskýrslu bankans. Þar eru birtar upplýsingar um þróun samfélagsábyrgðar hjá bankanum, samfélagsstefnu hans og samfélagsvísa.

Nánari upplýsingar um sjálfbærnistefnu Landsbankans:

<https://arsskyrsla2020.landsbankinn.is/sjalfbaerni/sjalfbaernistefna>

Landsbankinn gaf út sjálfbæra fjármálaumgjörð í janúar síðastliðnum. Með því að gefa út sjálfbæra fjármálaumgjörð aukast möguleikar Landsbankans á að fjármagna sjálfbær verkefni. Sjálfbæra fjármálaumgjörðin byggir á viðmiðum ICMA á nýlegum viðmiðum ESB (EU Taxonomy) varðandi græna og félagslega fjármögnun, sem búist er við að verði ríkjandi á sjálfbærum fjármálamörkuðum.

Nánari upplýsingar um sjálfbæra fjármálaumgjörð Landsbankans:

<https://www.landsbankinn.is/frettir/2021/01/22/ny-fjarmalaumgjord-landsbankans-studlar-ad-sjalfbaerni>

Síðareglur bankans gilda um samskipti starfsfólks við viðskiptavini, samstarfsfólk, eftirlitsaðila, hluthafa, samkeppnisaðila og aðra sem eiga hagsmuna að gæta. Vorið 2020 fékk bankinn enn betri einkunn en áður í nýju UFS-áhættumati frá Sustainalytics og lækkar úr 17,5 niður í 13,5 stig á skala sem nær upp í 100. Landsbankinn er nú í 2. sæti af 382 bönkum sem fyrirtækið hefur mælt í Evrópu og starfa eingöngu innan álfunnar. Sustainalytics telur einkar litla hættu á að bankinn verði fyrir fjárhagslegum áföllum vegna umhverfismála, félagslegra þátta og stjórnarháttanna (UFS-þátta).

Nánari upplýsingar um síðareglur og stjórnarhætti Landsbankans:

<https://www.landsbankinn.is/bankinn/um-bankann/stefna-og-skipulag>

7. Samþykki fyrir að birta yfirlýsingu með opinberum hætti

Landsbankinn gefur góðfúslegt leyfi til að birta yfirlýsingu þessa með opinberum hætti.



8. Önnur atriði sem mögulegur ráðgjafi telur mikilvægt að koma á framfæri

Landsbankinn er stærsta fjármálafyrirtæki landsins og er markaðsleiðandi á bæði einstaklings- og fyrirtækjamarkaði. Bankinn veitir einstaklingum, fyrirtækjum og fjárfestum um land allt trausta og alhliða fjármálaþjónustu sem byggir á langtíma viðskiptasamböndum.

Landsbankinn er útgefandi skráðra skuldabréfa á innlendum skuldabréfamarkaði og á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í gegnum EMTN fjármögnunarramma. Þá hefur Landsbankinn komið að fjölda alþjóðlegra verkefna, þar með talið sölu og skráningu hlutabréfa ýmissa félaga á markað.

Landsbankinn nýtir trausta innviði sína til að tryggja farsæla lúkningu verkefna eins og sölu og skráningu hlutabréfa í kauphöll. Fjármálaráðgjafi í slíku verkefni þarf að hafa sérþekkingu á breiðu sviði og nýtir Landsbankinn sérfræðiþekkingu innan fjölbreyttra sviða og deilda bankans s.s. Fyrirtækjaráðgjafar, Fyrirtækjasviðs, Markaðsviðskipta, Viðskiptavaktar verðbréfa, Eignastýringar, Lögfræðiþjónustu, Upplýsingatækni, Markaðsdeildar og Verðbréfa- og lífeyrisráðgjafar.

Landsbankinn hefur skýra og metnaðarfulla samfélagsstefnu og fylgir þremur heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun með markvissum hætti. Markmiðin tengjast öll starfsemi bankans og því getur vinnan að þeim hámarkað jákvæð áhrif bankans á umhverfi og samfélag. Bankinn gefur árlega út samfélagsskýrslu með ítarlegri umfjöllun um samfélagsábyrgð bankans og áhrif starfseminnar á umhverfi og samfélag. Við gerð skýrslunnar er fylgt viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI, Core).

Nánari upplýsingar um samfélagsstefnu og samfélagsskýrslu Landsbankans:

<https://www.landsbankinn.is/bankinn/samfelagsstefna>, <https://samfelagsskyrsla.landsbankinn.is/>

Landsbankinn hefur sett sér stefnu um hagsmunaárekstra. Markmið stefnunnar er að tryggja samræmda greiningu og meðhöndlun á hagsmunaárekstrum og viðhafa árangursríkar skipulagslegar- og stjórnunarlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir og stjórna hvers konar hagsmunaárekstrum sem upp koma hjá bankanum.

Nánari upplýsingar um stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra:

https://www.landsbankinn.is/Uploads/Documents/UmLandsbankann/MiFID/1542_Stefna_um_hagsmunaarekstra.pdf

Virðingarfyllt,

F.h. Landsbankans hf.

Svana Huld Linnet,

forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar